

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2406036

Málsheiti: Hagabraut í Holtum. Tilkynning framkvæmdaaðila

Málsaðili: Vegagerðin

Skráð af: Haraldur Birgir Haraldsson

Ábyrgðaraðili; Haraldur Birgir Haraldsson

Fundur: Byggðarráð Rangárþings ytra - 28 (10.7.2024) - Hagabraut í Holtum. Tilkynning framkvæmdaaðila

Dags: 10.07.2024

Inngangur: Vegagerðin kynnir fyrirhugaðar framkvæmdir á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut (286), milli Landvegar (26) og Reiðholts í Holtum í Rangárþingi Ytra. Um er að ræða endurbýggingu núverandi vegar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 27 (8.7.2024) - Hagabraut í Holtum. Tilkynning framkvæmdaaðila

Dags: 08.07.2024

Inngangur: Vegagerðin kynnir fyrirhugaðar framkvæmdir á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut (286), milli Landvegar (26) og Reiðholts í Holtum í Rangárþingi Ytra. Um er að ræða endurbýggingu núverandi vegar. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunni að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri greinargerð með tilkynningunni. Umhverfisáhrif hafa verið lágmörkuð með fullnægjandi mótvægiságerðum og vöktun. Skipulagsnefnd telur því að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 · Veffang www.hsl.is · Netfang hsl@hsl.is · Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 18. júlí 2024
2406093HS SG

Efni: Hagabraut í Holtum, nr. 07852024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 18. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrithugaðar vegagerðar milli Landvegar og reiðholts í Holtum í Rangárþingi Ytra.

Um er að ræða framkvæmdir á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut (286), milli Landvegar (26) og Reiðholts í Holtum í Rangárþingi Ytra. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegrar.

Í tengslum við framkvæmdina verður ráðist í umferðaröryggisaðgerð á Landvegi (26), skammt austan Hagabrautar (286), þar sem skering verður gerð við hlið vegrar og efni hennar nýtt í endurbyggingu Hagabrautar (286).

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisadgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit hvað varðar ýmsa verkþætti á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efniðnaði, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 18.07.2024 21:55

Undirritað skjal úr OneCRM

[Undirritað með OneSign](#)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

2.júlí 2024
2024-06-42/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tilkynningu Vegagerðarinnar um endurbyggingu Hagabrautar

Landsneti barst, þann 18. júní 2024, beiðni um að veita umsögn um tilkynningu Vegagerðarinnar um endurbyggingu Hagabrautar (286-01) í Rangárþingi Ytra, mál nr. 785/2024 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða framkvæmdir á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut og umferðaöryggisaðgerðir á Landvegi. Umsagnafrestur er til 18. júlí 2024.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 3.6 um lagnir í kynningar skyrslu er tilgreint að Búrfellsína 2, sem er 220kV raf lína, þveri Hagabraut milli stöðva 3080-3100 og að helgunarsvæði hennar sé a.m.k. 65-85 m breitt. Lega línumnar er sýnd á grunnmynd sem fylgir skýrslumni. Í kafla 1.8 um lög og leyfisveitendur kemur fram að þar sem veglína skarist við helgunarsvæði háspennulínu þurfi náið samráð við viðkomandi raforkuflutningsaðila um útfærslur. Einnig að ekki megi hefja vinnu innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila. Í kafla 6.1 er tilgreint að Landsnet er samráðsaðili vegna framkvæmda í grennd við raf línu.

Landsnet telur að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni en bendir á að framkvæmdir nærrí háspennulínu kunna að hafa áhrif á heilsu og öryggi sem og afhendingaröryggi rafmagns.

Landsnet leggur áherslu á að þegar kemur til framkvæmda á svæðinu verði haft samráð við fyrirtækið varðandi framkvæmdir eða þverun helgunarsvæðis línnanna. Það á sérstaklega við ef um háfermisflutning er að ræða eða vegagerð innan helgunarsvæðis. Nauðsynlegt er einnig að tryggja greiðan aðgang að mannvirkjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við að gengi yðmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærrí eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns. Landsnet gerir kröfum að fá áhættugreiningu mögulegs verks til umsagnar áður en það er unnið.


Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærrí spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst nærrí háspennulínum fyrirtækisins.

Virðingarfyllst

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir



Undirritað af:
Rut Kristinsdóttir
1209675689
Dags: 03.07.2024
Tími: 08:42:40
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6e2604dc-
3a9a-43fc-b8e8-
e9f6bc7ad92d

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0034
SS


Efni: Umsögn um framkvæmd Hagabrautar í Holtum.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 18. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut (286) í Holtum í Rangárþingi ytra, sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og telur ekki þörf á að hún fari í fullt mat á umhverfisáhrifum. Endurbygging vegarins mun að lang stærstu leyti eiga sér stað í núverandi vegstæði fyrir utan 200 m langan kafla í landi Lýtingsstaða þar sem veginum er hliðrað lítið eitt. Þar mun sú hliðrun valda raski á gróðri en að mestu ræktuð tún. Annars staðar mun breikkun vegarins valda staðbundnu raski en heilt yfir er það ekki umfangsmikið. Á einum stað mun vegurinn liggja í jaðri votlendis sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka verndun en lítið rask verður á votlendinu sjálfu og farið í aðgerðir til að draga úr áhrifum á vatnafar. Efnistaka verður að mestu úr sneiðingum en viðbótarefní sótt í námur sem þegar eru á skipulagi. Sneiðing við Nónhamar mun valda einhverju raski á grágrýtismyndun en slíkar eru einkennandi á svæðinu. Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir það en ítrekar mikilvægi þess að sýna tillit til fuglalífs á varptíma þegar framkvæmdir eru í gangi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

